

# Samþykktir Hvanneyrarbúsins ehf. og starfsreglur stjórnar

## 1. gr.

Hvanneyrarbúið ehf. (kt. 511209-0800) er einkahlutafélag í opinberri eigu og hét áður Grímshagi ehf. sem starfaði samkvæmt starfsreglum sem settar voru 15. október 2009 með síðari breytingum, síðast frá 6. nóvember 2014. Þær reglur falla úr gildi frá og með 1. júlí 2015 og við taka þessar samþykktir og starfsreglur. Í reglum þessum er kveðið nánar um samþykktir og framkvæmd starfa stjórnar félagsins í samræmi við lög um einkahlutafélög frá 1994 nr. 138.

## 2. gr.

Tilgangur Hvanneyrarbúsins ehf. er að reka á hagkvæman hátt kúabú í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn LbhÍ og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd.

Félagið byggir rekstrargrundvöll sinn á tekjum af búrekstri (aðallega mjólkur- og kjötframleiðslu) og samstarfssamningi við LbhÍ dagsettum 1. júlí 2015.

## 3. gr.

Hlutfé félagsins er í ársbyrjun 2015 kr. 50.000.000, fimmtíu milljónir króna.

## 4. gr.

LbhÍ er eigandi alls hlutfjár félagsins og getur, að lagaskilyrðum fullnægðum, hækkað eða lækkað hlutfé í gerðarbók.

## 5. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafans (LbhÍ), sbr. lög um einkahlutafélög (nr. 138/1994).

## 6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok mars ár hvert en hann skulu sitja rektor LbhÍ eða fulltrúar hans, bústjóri og stjórn félagsins. Aðalfundur mega sitja starfsmenn skólans eftir ákvörðun rektors hverju sinni. Rektor LbhÍ hefur einn atkvæðisrétt en bústjóri og stjórn félagsins hafa þar umræðu- og tillögurétt. Samþykktir aðalfundar skulu færðar í undirritaða gerðarbók.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
- Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- Önnur mál.

7. gr.

Rektor LbhÍ skipar í þriggja manna stjórn félagsins sem situr í umboði LbhÍ. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið.

8. gr.

Verkefni stjórnar eru:

- Að ráða bústjóra
- Að marka félaginu framtíðarsýn á grundvelli 2. gr. og taka ákvarðanir um breyttar áherslur eða nýjungar sem hafa meiriháttar áhrif á reksturinn.
- Að taka ákvarðanir um skuldbindingar og framkvæmdir sem hafa meiriháttar fjárhagsleg áhrif á reksturinn.
- Að tryggja að reksturinn sé í samræmi við lög og reglur og standist kröfur eigandans faglega og fjárhagslega.

9. gr.

Við stjórnarskipti skal ný stjórn kjósa sér formann og ritara á sínum fyrsta stjórnarfundum. Stjórnarmenn skulu fá eintak af samþykktum og starfsreglum er þeir taka fyrst sæti í stjórn félagsins.

10. gr.

Stjórn félagsins ræður bústjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúrumboð fyrir félagið. Bústjóri getur ekki jafnframt verið stjórnarmaður. Bústjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Bústjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

11. gr.

Upplýsingagjöf bústjóra til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Þó er heimilt að miðla gögnum og öðrum upplýsingum til stjórnar milli funda en það skal ávallt fært til bókar á næsta stjórnarfundum og umrædd gögn eða upplýsingar varðveittar með gögnum þess fundar. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni. Nú óskar stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, og skulu þau þá einnig afhent öðrum stjórnarmönnum. Slíkar óskir skulu bornar fram á stjórnarfundum.

12. gr.

Á aðalfundi félagsins skal ráða einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur eða skoðunarmenn mega ekki vera úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

13. gr.

Stjórnarfundur skal boðaður með að minnsta kosti viku fyrirvara nema brýna nauðsyn beri til annars. Formaður boðar til fundarins eða bústjóri félagsins í umboði hans.

14. gr.

Stjórnarfundur skal boðaður með tölvupósti, bréfi eða símleiðis. Geti stjórnarmaður ekki sótt fund, ber honum að boðaður forföll. Stjórnarfundur má halda með aðstoð rafræna miðla, svo sem með tölvu- eða fjarskiptabúnaði, eða með öðrum sambærilegum hætti. Stjórnarfundur skal þó jafnan halda með hefðbundnum hætti, ef bústjóri eða stjórnarmaður krefst þess.

15. gr.

Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þörf þykir, þó að jafnaði eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skyld er að boðaður til stjórnarfundar ef einn stjórnarmanna eða fleiri krefjast þess. Bústjóri situr fundi stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Formaður stjórnar getur ákveðið að aðrir starfsmenn félagsins, endurskoðandi félagsins eða aðrir aðilar sitji stjórnarfund, meðan tiltekið málefni er til umfjöllunar. Ritari stjórnar annast ritun gerðarbókar stjórnarfundar en stjórn er þó heimilt að fela öðrum aðila að rita gerðarbók.

16. gr.

Stjórnarfundur telst löglegur ef rétt er til hans boðaður og a.m.k. 2 af 3 stjórnarmönnum sækja fundinn. Þó skal að jafnaði miðað við að allir stjórnarmenn sitji stjórnarfundur og að mikilsverðar ákvarðanir séu ekki teknar nema stjórn sé fullskipuð. Leggja skal fyrir stjórnarfundur öll meiriháttar mál er varða innri starfsemi félagsins, svo og annað sem eðlilegt getur talist að stjórn fjalli um og nauðsynlegt er að fyrir liggja stjórnarákvörðun. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

17. gr.

Óski stjórnarmaður eftir frestun á afgreiðslu máls, skal fresta afgreiðslu máls til næsta fundar.

18. gr.

Eftir stjórnarfundur skal fundarritari semja fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og skal fundargerðin send stjórnarmönnum til yfirlestrar. Fundargerðin skal borin upp á næsta stjórnarfundur og undirrituð af þeim stjórnarmönnum er tóku þátt í viðkomandi fundi, sem og bústjóra.

19. gr.

Samþykktir, starfsreglur, fundargerðir og gerðarbækur skulu varðveittar af félaginu og skulu þær vera aðgengilegar öllum.

20. gr.

Almennt skal miðað við að upplýsingar um rekstur félagsins séu opinberar og að gögn um rekstur félagsins séu aðgengileg, t.d. á heimasíðu. Stjórnarmenn skulu aðeins bindast þagnarskyldu í þeim tilvikum sem

Það er óhjákvæmilegt vegna eðli máls, t.d. ef slíkt er nauðsynlegt vegna hagsmuna starfsmanna eða viðskiptamanna félagsins. Í slíkum tilvikum helst þagnarskyldan þótt látið sé af stjórnarstarfi.

21. gr.

Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál er að ræða, eða mál tengd miklum hagsmunum einstaklinga eða félaga, sem telja ber að séu ekki á vitund nema mjög fárra manna, geta formaður og bústjóri ákveðið að slík mál séu merkt sem "trúnaðarmál" eða "algjört trúnaðarmál", áður en þau eru lögð fyrir stjórnarfund. Mál sem merkt eru "trúnaðarmál" skulu ekki rædd við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Sé mál merkt "algjört trúnaðarmál" taka stjórnarmenn ekki með sér af stjórnarfundum eða úr húsakynnum félagsins, þau gögn sem lögð eru fram í málinu, né ræða málið við aðra en málsaðila. Einfaldur meirihluti stjórnar getur ætíð ákveðið að mál sem merkt eru með þessum hætti skuli engu að síður sæta almennri málsmeðferð.

22. gr.

Samþykktum og starfsreglum þessum verður einungis breytt með samþykki aðalfundar.

23. gr.

Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundi Hvanneyrarbúsins ehf. 11. ágúst 2015.

*Þórunn Þorvaldsson*  
010856 - 4855

*Pjetur Dittmarsson*  
270753 - 5589

*Eyoll Gunnarsson*  
041099 - 3549

*Þórunn Þorvaldsson*  
030258 - 2589

*Jón Þorvaldsson*  
030936 - 3989